FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

# Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 19. Október 2020, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.
Á fundinn voru mætt:
Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Hafdís Ásgeirsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir.
Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Erna Berglind Hreinsdóttir og Guðni Már Lýðsson.
Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir leikskólastóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir fulltrúi foreldra.
Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð:**
    a. Fundargerð fræðslunefndar frá 25.05.20 undirrituð.

2. **Staða á endurskoðun skólastefnu Skagastrandar**
   Péturína, Sara Dilja, Guðrún Elsa, Lilja og Þórdís fræðslustjóri eru að vinna í endurskoðun á skólastefnu. Grind er að verða komin á verkið, hugmyndin er að bera stefnuna svo undir skólasamfélagið, en grindin er ekki komin á það stig að hægt sér að sýna hana. Óskað eftir tillögum og ábendingum ef fólk hefur.

3. **Grunnskólinn**
    a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið, starfið litast mikið af Covid takmörkunum. Nemendur eru 77 talsins. Farið var yfir starfsmannamál og breytingar á starfsmannahaldi.
Skýrslan var til kynningar.

b. Starfsáætlun 2020-2021

Skólastjóri kynnti starfsáætlun sem hafði verið sent með fundarboði. Stiklað á stóru, upptalning á starfsmönnum, kennslufyrirkomulag, val nemenda, tímafjölda og allt þetta helsta. Spurningar komu varðandi val nemenda á miðstigi og námsráðgjöf hjá nemendum.
Starfsáætlun var til kynningar.

c. Breyting á skóladagatali 2020-2021

Leggja þarf fyrir breytingar á skólahaldi. 7.bekkur átti að vera á Reykjaskóla í október sem var aflýst. Utís ráðstefna fyrir foreldra hefur verið frestað og árshátíð í nóvember mun líklegast falla niður eða færast.
Skóladagatal samþykkt.

**4. Leikskóli**

a. Skýrsla leikskólastjóra

Leikskólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið. Helstu breytingar og fór yfir tölulegar upplýsingar, nemendur eru 28, Starfsmannahald: Guðbjörg Viggósdóttir hætti í vor og Jenný Lind Gunnarsdóttir hætti í sumar. Auglýst var eftir starfmönnum og bárust 12 umsóknir. Karen Helga Steinsdóttir er komin í 100% stöðu og Sigurlaug Lára Ingimundardóttir er komin í 100% stöðu.
Skýrslan var til kynningar.

b. Breytingar á skóladagatali 2020-2021.

Haustráðstefna hjá Hjalla og haustþing á Norðurlandi-vestra féllu niður í haust. Þeir dagar færast, einn dagur verður í Dymbilviku og einn dagur verður daginn fyrir sumarlokun leikskólans.
Skóladagatal samþykkt.

c. Símenntunaráætlun 2020-2021

Leikskólastjóri fór yfir símenntunaráætlun starfsmanna.
Áætlun var til kynningar.

**5. Önnur mál**

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

# FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40

| | |
|---|---|
| Péturína L. Jakobsdóttir | Baldur Magnússon |
| Hafdís Ásgeirsdóttir | Inga Rós Sævarsdóttir |
| Þórunn Valdís Rúnarsdóttir | |
| Sara Diljá Hjálmarsdóttir | Erna Berglind Hreinsdóttir |
| Guðni Már Lýðsson | Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir |
| Sesselja Guðmundsdóttir | Ástrós Villa Vilhelmsdóttir |
| Þórdís Hauksdóttir | Alexandra Jóhannesdóttir |